

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1084/2020, um hlutdeildarlán, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað fjárhæðanna „7.560.000 kr.“, „10.560.000 kr.“ og „1.560.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 7.908.000 kr.; 11.046.000; og 1.632.000 kr.
- Í stað fjárhæðanna „5.018.000 kr.“, „7.020.000 kr.“, og „1.560.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 5.249.000 kr.; 7.343.000 kr.; og 1.632.000 kr.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tekjumörk*.

2. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Hámarksverð hagkvæmra íbúða skal miðast við bæði fermetrafjölda íbúðar og herbergjafjölda hennar þannig að bæði skilyrði þar að lútandi séu uppfyllt innan viðkomandi verðflokks og er sem hér segir:

Á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbæ:

Herbergjafjöldi	Fermetrar	Hámarksverð
Að lágmarki stúdíóíbúð	Að lágmarki 30 m ²	31.500.000 kr.
Að lágmarki stúdíóíbúð	Að lágmarki 40 m ²	36.500.000 kr.
Að lágmarki 1 svefnherbergi	Að lágmarki 50 m ²	42.000.000 kr.
Að lágmarki 1 svefnherbergi	Að lágmarki 60 m ²	47.500.000 kr.
Að lágmarki 2 svefnherbergi	Að lágmarki 70 m ²	51.500.000 kr.
Að lágmarki 2 svefnherbergi	Að lágmarki 80 m ²	56.500.000 kr.
Að lágmarki 3 svefnherbergi	Að lágmarki 90 m ²	61.000.000 kr.
Að lágmarki 4 svefnherbergi	Að lágmarki 100 m ²	66.000.000 kr.

Á vaxtarsvæðum utan höfuðborgarsvæðisins, þ.e. í Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Grindavíkurbæ, Hveragerðisbæ, Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Árborg og Sveitarfélaginu Vogum:

Herbergjafjöldi	Fermetrar	Hámarksverð
Að lágmarki stúdíóíbúð	Að lágmarki 30 m ²	26.000.000 kr.
Að lágmarki stúdíóíbúð	Að lágmarki 40 m ²	30.500.000 kr.
Að lágmarki 1 svefnherbergi	Að lágmarki 50 m ²	34.500.000 kr.
Að lágmarki 1 svefnherbergi	Að lágmarki 60 m ²	39.000.000 kr.
Að lágmarki 2 svefnherbergi	Að lágmarki 70 m ²	42.000.000 kr.
Að lágmarki 2 svefnherbergi	Að lágmarki 80 m ²	46.500.000 kr.
Að lágmarki 3 svefnherbergi	Að lágmarki 90 m ²	50.000.000 kr.
Að lágmarki 4 svefnherbergi	Að lágmarki 100 m ²	54.000.000 kr.

Á landsbyggðinni utan vaxtarsvæða:

Herbergjafjöldi	Fermetrar	Hámarksverð
Að lágmarki stúdíóíbúð	Að lágmarki 30 m ²	24.500.000 kr.
Að lágmarki stúdíóíbúð	Að lágmarki 40 m ²	28.500.000 kr.
Að lágmarki 1 svefnherbergi	Að lágmarki 50 m ²	32.500.000 kr.

Að lágmarki 1 svefnherbergi	Að lágmarki 60 m ²	36.500.000 kr.
Að lágmarki 2 svefnherbergi	Að lágmarki 70 m ²	39.500.000 kr.
Að lágmarki 2 svefnherbergi	Að lágmarki 80 m ²	43.500.000 kr.
Að lágmarki 3 svefnherbergi	Að lágmarki 90 m ²	46.500.000 kr.
Að lágmarki 4 svefnherbergi	Að lágmarki 100 m ²	50.500.000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. og 6. mgr. 29. gr. a. og 1. mgr. 29. gr. d. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, tók gildi 1. janúar 2022.

Innviðaráðuneytinu, 8. febrúar 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 14. febrúar 2022